

Nd.

608. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingu. Tveir nefndarmenn, þeir JSk og ÁÐ, áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLAGA:

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

45. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milli-göngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara.

Alþingi, 6. maí 1964.

Guðl. Gíslason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Jón Skaftason.

Ágúst Þorvaldsson.